

SAMLAGNING 1

summa – samlagning – samtals – plús – summa – samlagning – samtals – samanlagt



$$11 + 3 = 14$$

Pórunn Elídóttir


$$4 + 9 = 13$$



$$12 + 3 = 15$$



$$3 + 6 = 9$$



$$2 + 5 = 7$$



NAFN: _____

Reiknaðu:

$3 + 4 + 1 = \underline{\hspace{2cm}}$


$5 + 1 + 9 = \underline{\hspace{2cm}}$

$3 + 8 = \underline{\hspace{2cm}}$

$4 + 1 + 8 = \underline{\hspace{2cm}}$

$8 + 1 = \underline{\hspace{2cm}}$

$9 + 5 = \underline{\hspace{2cm}}$



Lestu og finndu svarið.



Silla kom með 4 bækur, 5 bangsa,
og 3 froska.

Hvað eru þetta margir hlutir?

Svar: hlutir

Hér getur þú teiknað upp dæmið.


Skrifaðu upp dæmið og reiknaðu.

Leggðu saman 4 og 12.

Svar: _____

Finndu summuna af 7 og 4.

Svar: _____



ÁSKORUN

Skrifaðu **2–3 málgreinar** um tölurnar og svarið.



Lestu og reiknaðu.

Klara á 2 bækur,
Silla á 4 bækur
og Jóhann 5 bækur.

Hvað eiga þau margar bækur samtals?

Svar: _____ bækur




Gefðu bókunum hennar Klöru nafn.

Bók 1 _____

Bók 2 _____

Rétt eða vitlaust?

Skoðaðu dæmin og merktu **R** við rétt svar og **V** við rangt svar.



$3 + 6 = \mathbf{9}$ ☐

$3 + 6 = \mathbf{8}$ ☐

$3 + 5 = \mathbf{8}$ ☐

$5 + 1 = \mathbf{5}$ ☐

$4 + 1 = \mathbf{4}$ ☐

$8 + 5 = \mathbf{13}$ ☐

$3 + 5 + 1 = \mathbf{9}$ ☐

$5 + 1 + 3 = \mathbf{8}$ ☐

$10 + 2 + 1 = \mathbf{13}$ ☐

$1 + 5 + 5 = \mathbf{11}$ ☐

$6 + 3 + 2 = \mathbf{10}$ ☐

$7 + 2 + 1 = \mathbf{10}$ ☐

Lestu og reiknaðu.



Silla hitti Daníel úti.
Þau tíndu steina.

Ég er með **6 steina**, sagði Silla.
Ég er með **5 steina**, sagði Daníel.

Hvað eiga þau marga steina samtals?

Svar: _____ steina.

Hvor myndin sýnir réttan fjölda steina?



Búðu til ...

sex samlagningardæmi þar sem summan er 10.

$______ + ______ = 10$

$______ + ______ = 10$

$______ + ______ = 10$

$______ + ______ = 10$

$______ + ______ = 10$


$______ + ______ = 10$



Lestu og reiknaðu.

Bjarni átti **5 skeljar**, Silla gaf honum **6 skeljar**. Hvað átti hann þá margar skeljar?

Svar: _____ skeljar.



Silla og Bjarni fóru í fjöruferð og fundu **3 skeljar**.

Bjarni fékk þær allar.

Hvað átti Bjarni nú margar skeljar?

Svar: _____ skeljar.



Í fjöruferðinni sá Silla **2 krossfiska**. Hún taldi fimm arma á hverjum fiski.

Hvað voru armarnir margir samtals?

Svar: _____ armar.

Merktu við eitt rétt svar.

Hvar getur þú fundið skeljar?

☐

Í bíó

☐

Inni á klósetti

☐


Í fjöru

☐

Í sundi



Leikur með Bjarna og Sillu.



Á leiðinni heim fóru Silla og Bjarni í talnaleik. Silla sagði tölu og Bjarni átti að segja strax tölu sem var **5 meira** en talan sem Silla sagði.

Silla sagði 3 Bjarni sagði _____

Silla sagði 5 Bjarni sagði _____

Silla sagði 8 Bjarni sagði _____

Þetta er of auðvelt, sagði Bjarni. Nú segi ég tölu og þú átt að segja tölu sem er **10 meira** en mín tala.

Bjarni sagði 2 Silla sagði _____





Bjarni sagði 3 Silla sagði _____

Bjarni sagði 6 Silla sagði _____

Raðaðu orðunum í stafrófsröð.

tré – gler – málmur – plast – tuskudýr – skriðdýr



Skrifaðu EÐA teiknaðu svarið þitt.

Hvað þarf marga hluti til að búa til safn?




Lestu málsgreinarnar og tengdu saman þær sem passa saman.

- | | | |
|----------------------------------|---|---|
| Það er vika til stefnu. | • | • Silla hafði ekki meiri tíma til að ljúka við verkefnið. |
| Tíminn var runninn út í sandinn. | • | • Silla náði ekki andanum. |
| Silla saup hveljur. | • | • Silla hefur eina viku til að ljúka við verkefnið. |

Lestu og tengdu saman það sem við á.

Þegar þú skoðar dagatal þá sérðu **ár, mánuði, vikur** og **daga**.



Mánaðavísa

Ap., jún., sept., nóv. 30 hver,
einn til hinir kjósa sér.
Febrúar tvenna fjórtán ber,
frekar einn þá hlaupár er.

- | | | |
|--------------------------|---|----------------------|
| Þegar það er hlaupár eru | • | • 7 dagar |
| Í einum mánuði eru | • | • 365 dagar |
| Í einni viku eru | • | • 30 eða 31 dagar |
| Í einu ári eru | • | • 29 dagar í febrúar |

Lestu tölurnar og gerðu hring um tveggja stafa tölur.

Hvaða tala er hæst? _____ Hvaða tala er lægst? _____



2 36 10 42
12 3 4 7
8 18

Litaðu:

GULT, summuna af $1 + 1$

RAUTT, summuna af $2 + 2$

GRÆNT, summuna af $4 + 4$

BLÁTT, summuna af $5 + 5$

Reiknaðu:


$$4 + 4 + 10 = \underline{\hspace{2cm}}$$

$$3 + 7 + 10 = \underline{\hspace{2cm}}$$

$$3 + 1 + 7 = \underline{\hspace{2cm}}$$

$$5 + 5 + 5 = \underline{\hspace{2cm}}$$

$$1 + 9 = \underline{\hspace{2cm}} + 5 = \underline{\hspace{2cm}} + 5 = \underline{\hspace{2cm}}$$



Finndu orðin í orðasúpunni.

útkoma – plús – jafnt – samtals – summa

s	a	m	ú	t	p	á	s	u	m	a	r
j	a	r	n	a	ú	t	a	s	m	ú	s
n	á	s	a	m	t	a	l	s	ú	s	u
p	l	á	s	s	k	o	m	m	a	j	m
a	s	n	i	f	o	g	v	á	ö	y	m
m	f	n	t	v	m	ú	s	a	p	l	a
j	á	p	l	ú	a	s	a	p	l	ú	m
j	a	f	n	t	s	m	m	u	ú	s	m
a	f	n	t	j	a	t	n	a	s	v	a

Tengdu saman orð og tákn.

jafnt og



plús

summa

leggja saman

samtals



útkoma



Lestu orðin og finndu svo orð sem RÍMA við þau.

plús _____


summa _____

Reiknaðu:

$$3 + 5 = \underline{\hspace{2cm}}$$

Bættu tíu við svarið =

Bættu nú 2 við svarið =



Rétt eða rangt?

Lestu og merktu við rétt eða rangt.

15 + 5 er **jafnt og** 20

Rétt

Rangt

5 + 6 er **meira en** 10

Rétt

Rangt

3 + 4 er **meira en** 100

Rétt

Rangt

summa talnanna 8 og 5 er 12

Rétt

Rangt

summa talnanna 3 og 5 er 8

Rétt

Rangt

Lestu og gerðu það sem fyrirmælin segja.

Fyrirmæli:

1. Hugsaðu þér tölu sem er minni en 10.

Svar:

2. Leggðu 3 við töluna þína.

Svar:

3. Bættu nú 4 við.

Svar:

4. Hvaða tölu þarf að bæta við svo svarið verði 20?

Svar:



Summa

Finndu **summu** talnanna 10 og 10

Svar: _____

Finndu **summu** talnanna 8 og 8

Svar: _____

Finndu **summu** talnanna 6 og 4

Svar: _____

Lestu og reiknaðu.

Í safni Ara eru 12 rauðir boltar og 6 gulir boltar.

Hvað á Ari marga bolta?

Svar: _____ bolta.

Ari átti afmæli og fékk 3 bolta í viðbót.

Hvað á hann núna marga bolta samtals?

Svar: _____ bolta.

Á Ari meira en 20 bolta? _____



Lestu og reiknaðu.

Hver er **summa** talnanna 5 og 10?

Svar: _____

Hvað eru 6 **plús** 6 mikið?

Svar: _____

Hvað eru 5 og 8 mikið **samtals**?

Svar: _____

Hver er **útkoman** af 16 **plús** 4?

Svar: _____

